



26. fundur atvinnu- og menningarnefndar  
F26-08-081

## Atvinnu- og menningarnefnd Fundargerð

Fundur haldinn þann 3.9.2026, 14:00 – 15:52. Staðsetning fundar: Húnabraut 5.

|                      |                                                                                                                                                                                                                          |
|----------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Fundarstjóri:</b> | Sævar Björgvinsson                                                                                                                                                                                                       |
| <b>Ritari:</b>       | Dagný Rósa Úlfarsdóttir                                                                                                                                                                                                  |
| <b>Fundinn sátu:</b> | Freyja Dís Jóhannsdóttir aðalmaður<br>Jenný Lind Gunnarsdóttir aðalmaður<br>Ágústa Rós Ingibjörnsdóttir varamaður fyrir Guðmann Valdimarsson<br>Pétur Arason sveitarstjóri<br>Baldur Haraldsson starfsmaður á skrifstofu |
| <b>Gestir:</b>       | Eva Guðbjartsdóttir<br>Erla Ísafold Sigurðardóttir                                                                                                                                                                       |

### 1. M26-08-459 - Leikfélag Blönduóss

Fulltrúar Leikfélags Blönduóss mæta á fundinn og ræða stöðu og framtíð félagsins og samstarf við Húnabyggð.

Inn á fundinn komu Erla Ísafold Sigurðardóttir og Eva Guðbjartsdóttir frá Leikfélagi Blönduóss og sögðu frá starfsemi Leikfélagsins undanfarin ár og samstarfi við sveitarfélagið. Einnig fóru þær yfir framkvæmdir sem þyrfti að fara í tengdar lýsingu, hljóði, sal og sviði. Þá kom fram að samningur milli Leikfélagsins og Húnabyggðar sé útrunninn og óskað er eftir nýjum samningi.

*Nefndin þakkar Erlu og Evu fyrir góða kynningu á starfsemi leikfélagsins og framtíðarsýn. Nefndin óskar eftir tillögum frá leikfélaginu varðandi forgangsverkefni tengd starfsemi félagsins í félagsheimilinu á Blönduósi, sem og leikfélagið leggi fram drög að nýjum samningi.*

*Erla og Eva viku af fundi að þessum lið loknum.*

### 2. M26-08-450 - Félagsheimilið á Blönduósi

Fyrir fundinum lá bókun byggðarráðs Húnabyggðar frá 13. ágúst sl. varðandi að koma með tillögur til byggðarráðs um framtíðarsýn og starfsemi Félagsheimilisins á Blönduósi.

*Atvinnu- og menningarnefnd leggur til að Húnabyggð taki við rekstri Félagsheimilisins á Blönduósi þegar núverandi rekstrarfyrirkomulagi lýkur. Unnin verði rekstraráætlun og reynslan af rekstrinum metin áður en tekin verður ákvörðun um framtíðarfyrirkomulag. Jafnframt verði lagt mat á ástand hússins, viðhalds- og endurbótaþörf og skoðað með hvaða hætti auka megi nýtingu þess fyrir íbúa, menningarstarf og aðra samfélagslega starfsemi. Sveitarstjóra er falið að gerður verði listi yfir þann búnað fráfarandi rekstraraðila sem nauðsynlegur eða æskilegur er fyrir áframhaldandi rekstur.*

### 3. M26-08-546 - Blönduós 150 ára

Rætt um viðburð á vegum sveitarfélagsins í tilefni af 150 ára afmæli Blönduóss.

*Atvinnu- og menningarnefnd leggur til við sveitarstjórn að haldin verði samkoma í tilefni þess að í ár eru 150 ár síðan Blönduós fékk löggildingu sem verslunarstaður og fyrstu lóðir voru mældar út.*

#### **4. M26-06-341 - Þrjónagleði 2027**

Dagsetning Þrjónagleði 2027

*Nefndin staðfestir að Þrjónagleði 2027 verður haldin 3.-6. júní.*

#### **5. M26-06-345 - Önnur mál atvinnu- og menningarnefndar**

Inn á fundinn kom Baldur Haraldsson, starfsmaður Húnabyggðar. Hann fór yfir möguleika sveitarfélagsins varðandi styrkjamál og þau verkefni sem eru í gangi í sveitarfélaginu í tengslum við styrkúthlutanir. Miklar umræður urðu í nefndinni varðandi möguleg framtíðarverkefni í sveitarfélaginu.

*Nefndin þakkar Baldri fyrir góða kynningu á styrkjamálum.*

Fundi slitið 15:52.